



Reykjavík, 5. janúar 2021
VEL2020120088

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu. 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 441-355. mál.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis sem barst þann 17. desember 2020 varðandi umsögn um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er því fagnað að fram sé komið frumvarp um að setja á fót sérstaka stofnun, Barna- og fjölskyldustofu, sem muni hafa það hlutverk að veita ráðgjöf og fræðslu til þeirra sem veita þjónustu í þágu barna. Með því að flytja eftirlit með þjónustunni til nýrrar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála er stigið jákvætt skref í að skýra stjórnslu á sviði barnaverndarmála enda er mikilvægt að sama stofnun sinni ekki eftirliti og ráðgjöf.

Fram kemur í 3. gr. frumvarpsins að meginmarkmið Barna- og fjölskyldustofu sé að vinna að velferð barna. Rétt væri að þar kæmi einnig fram áhersla á málefni fjölskyldunnar í heild sinni þar sem hagsmunir barns eru eðli málsins samkvæmt samofnir hagsmunum fjölskyldu þess.

Í 8. gr. frumvarpsins koma fram þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nýtt ákvæði 7. gr. barnaverndarlaga um Barna- og fjölskyldustofu mun verða mun ítarlegra heldur en ákvæðin sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins um stofnunina. Betur færi á að hafa ítarlegri ákvæði í sérlögum um stofnunina.

Í 5. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að eitt af verkefnum nýrrar stofnunar muni verða uppbygging og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfðra úrræða fyrir börn. Í því sambandi er lögð á það rík áhersla af hálfu Reykjavíkurborgar að horft verði til uppbyggingar úrræða fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir sem þarfnast umfangsmikils stuðnings og meðferðar á sviði heilbrigðisþjónustu til lengri tíma. Í þeim tilfellum er ekki um að ræða þau börn og unglinga sem þurfa á úrræðum sveitarfélaga að halda í samræmi við barnaverndarlög en á hverju ári eru um 260 börn og unglingar í fóstri eða vistunarúrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Sá hópur er hér um ræðir þarfnast geðheilbrigðisþjónustu en Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum mætt miklum kostnaðarauka vegna þeirrar umfangsmiklu þjónustu sem þessi hópur barna og ungmenna þarfnast. Það framlag sem greitt hefur verið í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nægir ekki til að mæta þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst. Ástæða þessa kostnaðarauka er m.a. rakin til þess að á síðasta áratug hefur Barnaverndarstofa smátt og smátt lokað meðferðarheimilum sínum og er það mat Reykjavíkurborgar að barnaverndarnefndir hafi misst aðgengi að 49 plássum án þess að önnur úrræði hafi komið í staðinn. Barnavernd Reykjavíkur/Reykjavíkurborg hefur því orðið að grípa


til þeirra ráðstafana að nýta einkaúrræði til að mæta þjónustubörfum umræddra barna. Á árinu 2015 tryggði Reykjavíkurborg sex börnum og ungmennum búsetuþjónustu sem keypt var frá einkaaðilum en hluti þeirra barna hafði dvalið á meðferðarheimilum eða verið í fóstri. Á sama tíma stóðu yfir viðræður við félagsmálaráðuneytið um að búsetu þessara einstaklinga yrði mætt með sérstöku fjármagni en ekki í gegnum úthlutun Jöfnunarsjóðs, þ.e. í gegnum sérfræðingateymi. Sérfræðingateymið kom ekki saman fyrr en við árslok 2020 en veruleg fjölgun hefur orðið í þessum hópi barna og unglunga. Á árinu 2020 var alls 21 barn og ungmenni með alvarlegar hegðunar- og geðraskanir sem fékk búsetuþjónustu eða hvíldar- og stuðningsdvöl sem Reykjavíkurborg keypti frá einkaaðilum. Önnur ástæða aukins kostnaðar er að Barna- og unglungageðdeild hefur í auknum mæli mælt með þjónustu einkaaðila sem m.a. geti tryggt meðferð við tengslaröskun og því megi leiða að því líkur að Barna- og unglungageðdeild nái ekki að sinna hlutverki sínu sem skyldi og þurfi því að vísa málum til sveitarfélaga.

Kortlagning á hópi þeirra barna og ungmenna sem fá þjónustu einkaaðila sýnir að vandi þeirra liggur í miklum hegðunarerfiðleikum og geðrænum erfiðleikum sem ágerast þegar kynþroska er náð. Mörg barnanna hafa sýnt af sér alvarlega ofbeldishegðun og teljast vera hættuleg sjálfum sér og öðrum. Ásækni í vímuefni er einnig fyrir hendi hjá hluta hópsins. Stór hluti hópsins þarfnast stöðugrar aðgæslu og mun aldrei geta tekið þátt í samfélaginu án stuðnings og eftirlits. Ljóst er að þessi hópur mun alla tíð þurfa á umfangsmikilli geðheilbrigðisþjónustu að halda. Miklar væntingar eru því bundnar því að Barna- og fjölskyldustofa nái að koma á fót úrræðum fyrir börn með alvarlegar geð- og þroskaraskanir sem er algjör forsenda þess að sveitarfélög geti byrjað að snúa við þeirri þróun sem hefur orðið á vistun og búsetu barna utan heimilis í átt að öflugum fyrirbyggjandi aðgerðum. Slíkt yrði jafnframt í samræmi við þær áherslur sem fram koma í frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í breytingum sem lagðar eru til varðandi 7. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að Barna- og fjölskyldustofu verði heimilt að taka gjald fyrir sérstök verkefni, s.s. það að reka sérhæfð úrræði fyrir börn. Af hálfu Reykjavíkurborgar er gerð athugasemd við það ákvæði sem er óljóst og þarfnast nánari útfærslu. Í þeim tilfellum er hér um ræðir er heilbrigðisþjónusta stór hluti þjónustunnar og svo veigamikil að atriði ætti að vera tilgreint í lagatexta. Óljóst er hvaða þjónusta verði til staðar en mjög mikilvægt er að þarfir fyrir hana verði uppfylltar af hálfu ríkisins.

Ef frekari upplýsinga er óskar verða þær góðfúslega veittar. Ef þess verður óskað af hálfu velferðarnefndar Alþingis munu fulltrúar Reykjavíkurborgar koma fyrir nefndina og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjavíkurborgar,


Helga Jóna Benediktsdóttir,
lögfræðingur